

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi Akra:

Ljósakur 2-8, breyting deiliskipulags Akra.

Breytingin gerir ráð fyrir fækkun fjölbýlishúsa við Ljósakur um eitt, þ.e. í stað 5 bygginga komi fjórar og fækkar lóðum því um eina. Langhlið byggingarreita er óbreytt eða 24 m. Skammhlið byggingarreita verður 14,5 m í stað 12 og færast þeir nær götu en fjarlægð þeirra frá húsum við Hjálmakur er sú sama. Gert er ráð fyrir 12 bílastæðum á hverri lóð í stað 8. Deiliskipulagsbreytingin er óbreytt frá fyrri samþykkt hennar árið 2010 sem ekki hlaut staðfestingu.

Ofangreind deiliskipulagsbreyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 8. maí 2014.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 22. maí 2014